

Kostnaður vegna eftirlits fjá raforkufyrirtækjum (rafveitum)

Vegna umsagna um frumvarp til raforkulaga 462. mál.

Dags. 24.02.03

A. Gjald til Löggildingarstofu

Samkvæmt ákæðum í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146, 1996, er rafveitum gert skylt að greiða sem nemur 0,8% af raforkusölu til rafmagnseftirlits á vegum löggildingarstofu. Að auki eiga rafveitur að greiða kostnað vegna úttekta og eftirlits með innri öryggisstjórnunarkerfum sínum.

Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði vegna yfirstjórnar rafmagnseftirlits rafveitna og úrtaksskoðana á raforkuvirkjum.

Greiðslur til Löggildingarstofu vegna rafmagnseftirlits voru eftirfarandi árin 2001 og 2002:

2001: **96,6 millj. kr.**

2002: **104,11 millj. kr.**

B. Greiðslur vegna úttekta

Að auki greiddu rafveitur vegna úttekta og eftirlits (að hluta til áætlað):

2001: **9,95 millj. kr.**

2002: **8,31 millj. kr.**

C. Heildargreiðslur vegna rafmagnseftirlits

Samtals eru greiðslur vegna rafmagnseftirlits:

2001: **106,55 millj. kr.**

2002: **112,42 millj. kr.**

D. Innra öryggisstjórnunarkerfi, gæðakerfi

Rafveitum er einnig gert skylt samkv. framangreindum lögum að koma á skilgreindu innra öryggisstjórnunarkerfi, sem ætlað er að koma í stað ytra eftirlits. Það er samdóma allra sem að þessum málum koma að kerfið sé vel virkt og sé til verulegra bóta frá fyrrverandi fyrirkomulagi ytra eftirlits. Stærstu rafveiturnar er einnig með vottuð gæðakerfi.

E. Skilvirkni

Rafveitur draga stórlega í efa að fjármunir sem ætlað er til rafmagnöryggismála skili sér til tilætlaðra verkefna.

Rafveitur leggja áherslu á að rafmagnsöryggismál og tæknilegt eftirlit verði samræmt og unnið af sömu aðilum. Í því sambandi benda rafveitur á að þeir fjármunir sem þegar eru ætlaðir til þessara þátta eigi að duga og vel það.

F. Gjaldtaka samkv. frumvarpi

Til þess að standa undir kostnaði vegna eftirlits er áætlað samkv. 31. gr. frumvarpsins að greiddar verði samtals **73 millj. kr.** á ári. Með væntanlegum áætluðum viðbótum, sem nema 6.000 GWh (6 milljarðar kWh) orkuframleiðslu, má gera ráð fyrir að greiðslur vegna eftirlits aukist um **30 millj.** og verði þá **103 millj. kr.** Heildargreiðslur vegna eftirlits á rafrokuveitur verða því komnar á þriðja hundar milljónir kr. á ári. (112 + 103 = 215 millj. kr.).

G. Afhendingaröryggi

Meðal eftirlitsþátta sem fylgst er með og skráð í innri eftirlitskerfum eru straumrof, og spennugildi. Þetta eru sömu þættir og áætlað er að fylgjast sérstaklega með á vegum Orkustofnunar samkv. 28. gr. frumvarpsins.

Rafveitur telja þetta ytra eftirlit óþarft, þar sem því sé þegar fullnægt með samkv. öryggisstjórnunarkerfinu.

H. Gæði raforku

Að auki er rétt að benda á að rafveitur eru skuldbundnar til þess að afhenda raforku samkv. alþjóðlegum spennustaðli, sem Ísland er aðili að og hefur samþykkt (SAM HD 472 S1). Þessi staðall segir til um gæði raforkunnar.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á gæði raforku og geta til dæmis truflanir frá einum raforkunotanda haft áhrif á raforku hjá öðrum notanda, án þess að vera skaðleg þeim sem truflunum veldur. Til þess að koma eins og kostur er fyrir slíkar truflanir setja rafveiturnar skilmála fyrir tengingu við veitukerfin. Skilmálarnir eru samræmdir og gilda fyrir allar rafveitur landsins. Sambærilegir skilmálar eru settir í öðrum löndum.

Verði raforkunotandi fyrir truflunum sem hann telur sér til бага, snýr hann sér til rafveitunnar/og eða löggilts rafverktaka og ber fram kvörtun. Rafveitan/rafverktakinn skoða málið hvor frá sinni hlið.

Ekki er kunnugt um annað en að slík mál hafi fengið þá umfjöllun sem af báðum aðilum hafi verið talin viðsættanleg.

I. Löggilding orkusölumæla

Samkvæmt lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu 5. gr. ber að löggilda mælitæki sem ætluð eru til að mæla orkusölu. Samkvæmd framangreindu ákvæði var sett reglugerð um löggildingu rafokumæla nr. 603/2000.

Heildafjöldi raforkusölumæla er tæplega 160 þús. og hitaveitumæla 62 þús.

Samkæmt frum-áætlunum yfirvalda mun kostnaður vegna framangreindra löggildinga verða á bilinu **50 til 60 millj. kr.**

Orkufyrirtækin hafa bent á að um er að ræða mælitæki sem eru framleidd samkv. ströngustu gæðakröfum. Í reglugerð eru sett ákvæði um prófanir á nýjum mælum. Frumsannprófunarvottorð fylgir öllum slíkum mælum sem dugar til löggildingar í okkar nágrannalöndum.

(Þó að löggilding mæla sé ekki í beinum tengslum við frumvarpið, en talið rétt að benda á það hér)